

2. gr.

Sjóðnum er ætlað að afla fjár með því að selja minningarkort, taka á móti gjöfum og áheitum o. s. frv.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúk börn, sem leita þurfa lækninga erlendis.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörzlum þriggja manna sjóðsstjórnar. Hana skipa nú Bergsveinn Ólafsson, augnlæknir, Ránargötu 20, sem er formaður, frú Ingibjörg Ólafsdóttir, Ljósheimum 1 og frú Victoria Blöndal, Vesturgötu 50 a. Losni sæti í stjórnsstjórninni, þá velja þeir, sem eftir eru nýjan stjórnarmann.

5. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkistryggðum verðbréfum eða í sparisjóðsbókum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega endurskoða reikninginn af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal vexti við höfuðstól þar til ársvextir nema kr. 2000.00. Eftir það má nota helming vaxta til styrkveitinga.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.

8. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins, þá skulu allar eignir hans renna til Barnadeildar Landsspítalans.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ**um skemmtanaskatt í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.**

1. gr.

Samvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 frá 19. júní 1922 og lög nr. 61 frá 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Skútustaðahreppi og aðgangur er seldur að og eigi eru undanþegnar slíkum skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Fræðandi fyrirlestrar og upplestur.

2. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru tilgreindar undir öðrum liðum.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða allt að 10%, og af skemmtunum í 2. flokki allt að 15% af aðgangseyri. Ef skemmtunin er margþætt, má miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá skattgreiðslu, ef sérstakar ástæður mæla með því, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, eða til styrktar menningar- og framfaramálum hreppsins. Þá tiltekur og hreppsnefnd nánar, hversu háa skattgreiðslu skuli taka fyrir skemmtun hverju sinni, ef vikið er frá hámarki því, sem 3. gr. tilgreinir fyrir hvern flokk skemmtana.

5. gr.

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps sér um, að reglugerð þessari sé framfylgt og er heimilt að hafa eftirlit með sölu aðgöngumiða. Veitt getur hún sérstökum manni umboð til að hafa á hendi framkvæmd þeirra atriða, sem reglugerð þessi felur í sér.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skattskylda skemmtun samkvæmt reglugerð þessari, skal tilkynna hreppsnefnd eða fulltrúa hennar, hvar og hvenær skemmtunina á að halda. Í tæka tíð skal samkomubeiðandi, eða þeir, ef fleiri eru saman, afhenda fulltrúa hreppsnefndar nægilega marga aðgöngumiða, er hann stimplar til merkis um skattgreiðslu. Þegar skemmtun er lokið, skal telja ónotaða aðgöngumiða og inna af hendi skattgreiðslu af seldum miðum. Forstöðumaður skemmtunar er ábyrgur fyrir greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn. Sé um félag að ræða, ábyrgjast allir stjórnendur þess gjaldið.

7. gr.

Oddviti hreppsnefndar eða fulltrúi hennar getur gert það að skilyrði fyrir stimplun aðgöngumiða, að ekki annist aðrir dyravörzlu á skemmtun en hann samþykkir, enda skuldbindi þeir menn sig til þess að leyfa engum öðrum aðgang að samkomunni en þeim, sem afhenda miða stimplaða skemmtanaskattsstimpli.

8. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, og skal halda fénu aðgreindu frá öðrum tekjum og verja því til menningar- og framfarastarfsemi í Skútustaðahreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000 krónum. Með mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerðinni, skal farið sem opinber mál.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. ágúst 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.